

Bættir stjórnarhættir

- Umræða um stjórnarhætti fyrirtækja hefur verið fyrirferðarmikil í flestum löndum undanfarin ár
- Um 30 ríki, alþjóðasamtök og samtök fyrirtækja hafa samið leiðbeiningar eða reglur um stjórnarhætti
- Þessi umræða hefur vaxið á Íslandi undanfarin misseri
- Mikilvægt að viðskiptalífið hafi frumkvæði að leiðum til að bæta stjórnarhætti og fylgja alþjóðlegri þróun
- Taka þarf mið af því sem gert hefur verið erlendis, en sníða að íslenskum veruleika

Leiðbeiningar


- Samstarfsverkefni Verslunarráðs, SA og Kauphallar
- Starfshópur:
 - Svanbjörn Thoroddsen forstjóri Medcare Flögu, formaður
 - Ari Edwald framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins
 - Erlendur Magnússon framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka
 - Guðfinna S. Bjarnadóttir rektor Háskólans í Reykjavík
 - Ólafur Nilsson löggiltur endurskoðandi KPMG
 - Þorgeir Eyjólfsson forstjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna
 - Þór Sigfússon framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands
 - Þórður Friðjónsson forstjóri Kauphallar Íslands
 - Verkefnisstjóri var Davíð Sch. Thorsteinsson
- Leiðbeiningar, ekki reglur
- Alþjóðleg viðmið, en íslensk aðlögun

Markmið leiðbeininganna

- Stuðla að góðum stjórnarháttum fyrirtækja á Íslandi
- Auðvelda stjórnarmönnum og stjórnendum hlutafélaga að rækja skyldur sínar
- Tryggja traust á fyrirtækjum og atvinnurekstri almennt
- Efla trúnað milli fjárfesta og stjórnenda
- Auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs
- Auðvelda hugsanlegum erlendum fjárfestum að gera sér grein fyrir þeim stjórnarháttum sem tíðkast hérlandis
- Auðvelda aðgang innlendra fyrirtækja að fjármagni
- Styðja við gildandi löggjöf

Leiðbeiningarnar og löggjöfin

Löggjög	
Reglur Kauphallar Upplýsingaskylda	Reglur Fjármálaeftirlits



Leiðbeiningar um stjórnarhætti

Almennar leiðbeiningar sem fyrirtæki fylgja
- eða útskýra ef svo er ekki

Samþykktir og starfsreglur hvers félags

Hvert félag starfar eftir samþykktum sínum og
þarf jafnframt að setja sér eigin starfsreglur

Hverjum ætlað?

- Leiðbeiningarnar henta:
 - Hlutfélögum, hvort sem þau eru skráð í Kauphöll eða ekki
 - Einkahlutfélögum
 - Fyrirtækjum í eigu ríkis eða sveitarfélaga
 - Öðrum félagaförum eða stofnunum

Lykilatriði leiðbeininganna

- Skilgreining á hlutverki og skyldum stjórnar og leiðbeiningar um starfsreglur
- Skilgreining á því hvaða stjórnarmenn séu óháðir félaginu
- Ákveðin verkefni falin undirnefndum stjórnar þar sem meirihluti er óháður:
 - Starfskjaranefnd fjalli um starfskjör æðsta stjórnanda
 - Endurskoðunarnefnd fjalli um fjárhag og endurskoðun

Óháðir stjórnarmenn

- Æskilegt að meirihluti stjórnar sé óháður félaginu
- Ekki óháðir ef stjórnarmaður:
 - Er starfsmaður félagsins nú eða sl. þrjú ár.
 - Þiggur greiðslur frá fyrirtækinu, eða æðstu stjórnendum þess, t.d. sem ráðgjafi eða verktaki.
 - Er tengdur nánnum fjölskylduböndum einhverjum af ráðgjöfum, stjórnarmönnum, eða æðstu stjórnendum fyrirtækisins.
 - Er einn af æðstu stjórnendum í öðru fyrirtæki, sem er í umtalsverðum viðskiptum við fyrirtækið.
 - Er í miklum viðskiptum, eða hefur mikilla viðskiptahagsmuna að gæta í félaginu.
- A.m.k. tveir stjórnarmanna séu óháðir stórum hluthafa (10% eða meira af hlutafé)

Starfskjaranefnd

- Meirihluti nefndarmanna sé óháður félaginu
- Semur um starfskjör við æðsta stjórnanda og aðra starfsmenn ef þeir eiga sæti í stjórn
- Mótar stefnu um árangurstengingu launa og kauprétti að hlutabréfum ef við á
- Æskilegt að helstu ákvæði kaupréttaráætlana séu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar

Endurskoðunarnefnd

- Æskilegt að endurskoðunarnefnd sé skipuð ef umfang er slíkt að eftirlit og skýrslur um fjárhag fái nánari umfjöllun í smærri hópi manna
- Meirihluti nefndarinnar sé óháður félaginu
- Hlutverk nefndarinnar m.a.
 - Eftirlit með fjárhagslegri stöðu félagsins
 - Mat á innra eftirlitskerfi
 - Mat á fjárhagslegum skýrslum frá stjórnendum
 - Beinn aðgangur að löggiltum endurskoðendum

Væntingar um árangur

- Breið samstaða um leiðbeiningarnar mikilvæg
- Gert ráð fyrir að félög muni tileinka sér leiðbeiningarnar og fylgi eða útskýri (e. comply or explain)
- Líklegt að þrýstingur komi frá umhverfinu
 - Markaðurinn fari fram á upplýsingar um hvort skráð félög fylgi leiðbeiningunum
 - Lánveitendur líklegir til að þrýsta á óskráð félög um að þau fylgi leiðbeiningunum
- Leiðbeiningarnar verði endurskoðaðar að ári í ljósi reynslunnar